



Farvegur sem liggur út úr gíg

ESP_029877_2160



HIGH RESOLUTION IMAGING
SCIENCE EXPERIMENT
UAHIRISE.ORG/IS



Til að skilja sögu vatns á Mars er mjög mikilvægt að skilja uppruna farvega á reikistjörnunni. Á Mars eru nokkrir stórir gígar (meira en 30 kílómetra breiðir) sem virðast hafa getið af sér farvegi, hugsanlega þegar heitt árekstrarefni streymdi út úr þeim. Hér sést vel varðveittur (jarðfræðilega ungur) gígur sem er um 3 kílómetra breiður. Á mörkum útkastsefnisins kemur fram farvegur sem stefnir til suðurs. Skóp þessi litli gígur þennan tiltölulega stóra farveg?